

**JÓN KALMAN STEFÁNSSON**

**RITÞING**

**25. OKTÓBER 2014**



# Jón Kalman Stefánsson

Ritþing | 25. október 2014



# Jón Kalman Stefánsson

Þann 25. október 2014 sat Jón Kalman Stefánsson fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Eiríkur Guðmundsson og spyrjar voru þau Þorgerður E. Sigurðardóttir og Gauti Kristmannsson.

## *Eiríkur:*

Komið þið sæl og blessuð og verið velkomin í Gerðuberg á Ritþing sem er helgað þessum manni hér, Jóni Kalman Stefánssyni, ævi hans og verkum.

Það verður hefðbundinn bragur á þessu þingi, fyrir ykkur sem hafið komið hér áður á svipuð þing. Við munum spyrja Jón út í bækurnar hans og hvað hann hefur verið að bedriva í gegnum dagana. Við munum heyra upplestur; Vigdís Hrefna Pálsdóttir mun lesa mjög vel valin brot úr bókum Jóns. Svo verður hér lifandi tónlistarflutningur; Magga Stína og meðreiðarsveinar munu troða upp, fyrir og eftir hlé. Við gerum stutt kaffihlé klukkan þrjú og svo er allt í lagi að minna á að eftir þingið verða léttar veitingar frammi á bókasafni.

En ég heiti Eiríkur Guðmundsson og ætla að stjórna þinginu í dag. Með mér eru þau Þorgerður E. Sigurðardóttir útvarpskona og bókmenntafræðingur og Gauti Kristmannsson prófessor við Háskóla Íslands.

Velkominn Jón og takk fyrir að gefa þér tíma. Við ætlum að byrja á að spóla um það bil 25 ár aftur í tímann. Vigdís Hrefna, ef þú vildir gjöra svo vel og taka þér stöðu.

***Vigdís Hrefna les:***

***Slitur úr gömlum formála***

*ég hef ekkert  
að segja  
en*

*ég hef stolið potuhreyflum úr draumi guða  
og er á leið inní sólina  
eftir handfylli af sprengibjörtum augnablikum*

*ég stend á herðum tímans  
og sé sjónvarpsstöðvar  
verða að söfnum gleyskunnar*

*ég bryð kletta  
svo vindsamt augnaráð konunnar  
feyki ekki blóðinu úr farvegi sínum*

*ég er með handtökuheimild á eilífðina  
geri dauðann að sendisveini  
og á stefnumót við vindinn*

*ég hef ekkert að segja en  
tungumálið*

*er konan í lífi mínu;  
krjúpandi við fótiskör hennar  
gruna ég svik bak við hvert orð  
hvern staf*

*líkt og langsoltinn  
í faðmi margnotaðra kvenna*

*ég hef ekkert að segja en*

*verður stundum hugsað til þín*

*sem hefur fundið tilgang lífsins  
og átt við fituvandamál að stríða*

*verður stundum hugsað til þín*

*þegar*

*rákin  
sem sólin skildi eftir á niðurleið  
er óðum að hverfa  
og kvöldhiminninn breiðir úr sér  
þakinn sæðisslettum guðs*

## ***Þá hefði ég getað sigrað heiminn***

### ***Eiríkur:***

Takk kærlega fyrir það, Vigdís. Það liggur við að maður spyrji þig, Jón: Er þetta ljóð eftir þig eða er þetta eftir einhvern annan mann? Þú ert ekki einu sinni skráður fyrir þessari bók sem heitir *Úr þotuhreyflum guða* og kom út árið 1989. Manstu eftir að hafa komið nálægt þessum fyrstu bókum þínum, *Með byssuleyfi á eilífðina* og *Úr þotuhreyflum guða*?

**Jón Kalman:**

Ja, ég drakk svolítið á þessum tíma. Svo skipti ég ... eða ... ég skipti ekki um nafn, heldur bætti úr mistökum foreldra minna. Þá einhvern veginn ósjálfrátt fjarlægðist maður þessar bækur. En mig rámar í að hafa ort þetta. Þetta var frábærlega vel lesið en er kannski ekkert sérlega gott ljóð. En þetta rifjast upp.

Nokkrar línur þarna komu einmitt þegar ég var á fylleríi niðri í bæ og var að reyna við stelpu og ætlaði að slá um mig með einhverjum setningum. Hún sá náttúrlega í gegnum mig og fór en ég sat eftir og orti ljóð. Það er Mayakovsky þarna og Einar Már, þeir eru þarna saman.

En ég gaf út tvær bækur, *Með byssuleyfi á eilífðina* og þessa, sem var sjálfsútgáfa eins og var vinsælt á þessum tíma. Ég man að þegar ég gaf út fyrri bókina, *Með byssuleyfi á eilífðina*, þá höfðu sumir, sem voru að gefa út á sama tíma, selt þúsund eintök, borgað prentkostnaðinn og keypt sér föt og svona. En ég gat ekki selt, ég gat ekki gengið að neinum og spurt hvort hann vildi kaupa mig. Þá sótti vinur minn, Einar Falur, mig einhvern tíma í sínum litla japanska bíl og keyrði mig á milli rithöfunda og sagði mér að selja þeim. Ég bankaði og svo þegar þau komu til dyra, Steinunn Sigurðardóttir og fleiri, þá gat ég ekkert sagt, ég bara skalf. Þau svona klöppuðu mér á öxlina og lokuðu. Það seldist ekki mikið. Ég fór með fimmtíu eintök niður í Mál & menningu en þau vildu bara fimm. Svo kom ég daginn eftir og hélt að þetta væri allt farið en það voru ennþá fimm eintök til. Svo kom ég daginn eftir og það voru ennþá fimm eintök til. Og á fimmta degi gafst ég upp og fór að vinna í fiski, þar sem ég var áður en ég byrjaði í háskólanum, til að vinna fyrir prentkostnaði.

En þegar ég var búinn að gefa út báðar bækurnar og sat í kjallaranum á Karlagötunni og drakk og hringdi í þig [Eiríkur] og vildi að þú myndir drekka með mér og þú vildir ekki drekka með mér, þá varð ég mjög dapur og komst að því að þetta voru mjög vondar bækur. Ég átti þær í stöflum en ég fór með þær út í ruslatunnu og henti þeim öllum. Þannig að ég á ekki einu sinni sjálfur eintak af þessum bókum. En ef það er eitthvað í þeim, þá er ég voða glaður.

**Eiríkur:**

Já, það eru draumkenndar svartar konur, svo er Tom Waits héra og Kristján fjallaskáld og svo er Jóhann Sigurjónsson. Það er ákveðið ættartré í þessum bókum. Hvort sem þú vilt afneita þeim eða ekki.

**Jón Kalman:**

Nei, ég er ekkert að afneita þeim. Þær eru voða sætar.

**Eiríkur:**

Þú ætlaðir að verða ljóðskáld?

**Jón Kalman:**

Ég ætlaði ekkert að verða neitt, maður er það sem maður er. Ég ætlaði náttúrliga að verða vinur Tarsans fyrst og bjarga heiminum, svo ætlaði ég í frönsku útlendingahersveitina og bjarga heiminum, svo sá ég þætti með Carl Sagan og ætlaði að verða stjörnufræðingur. En ég var bara með tvo í stærðfræði. Ég skráði mig á eðlisfræðibraut í Fjölbaut í Keflavík, 19 ára. Skólastjórinn kallaði mig á fund og spurði hvort ég væri alveg viss. Ég spurði: Hvað áttu við? Ja, þú ert með tvo í stærðfræði og varst að skrá þig á eðlisfræðibraut. Og smám saman komst ég að því að ég var ekki heldur gjaldgengur í frönsku útlendingahersveitina eða sem stjörnufræðingur og þá var bara botninn eftir, að yrkja.

**Þorgerður:**

Ég man vel eftir þér á þessum tíma, í svarta frakkanum, og ég held að það hafi ekki hvarflað annað að neinum en að þú ætlaðir að verða ljóðskáld. Ég vil halda því til haga. Þú allavega passaðir mjög vel í það hlutverk á þessum tíma. Þú getur ekki talað þig frá því!

**Jón Kalman:**

Nei, nei, þegar ég svona áttaði mig á þessum andskota, sem var þarna inni í mér og hafði alltaf verið en ég vissi ekki hvað var, þá kom ekkert annað til greina. Ég gat ekkert hugsað mér lífið öðruvísi. En ég gat ekki kallað mig skáld. Mér fannst það svo merkilegt að vera skáld. Mér fannst það þá. Og alltaf þegar ég var spurður að því framan af, hvort ég væri skáld, þá sagði ég alltaf: Nei. Mér fannst það bara of stórt orð.

Svo man ég að áður en ég gaf út fyrstu bókina, þegar ég var 25 ára



eða eitthvað, þá skrifaði ég frænda mínum, Hannesi Sigfússyni skáldi sem er afabróðir minn, bréf og sendi fjögur eða fimm ljóð með. Þá bjó hann í Noregi og við höfðum aldrei hist. Ég var ekki einu sinni viss hvort hann vissi af mér. Ég hef aldrei þjáðst jafn mikið og þessar tvær vikur eða þrjár sem ég beið eftir svári frá honum. Ég var alltaf að gá að póstinum. Svo loksins kom bréfið. Ég man ennþá hvað ég var með mikinn hjartslátt þegar ég var að fara upp tröppurnar með bréfið. Ég bjó á Bergstaðastræti 28a, á efstu hæð. Mér fannst að þarna kæmi í ljós hvort ég ætti að fara aftur í fiskinn eða fara að yrkja. Hann sagðist kannast við mig, vissi að ég væri til og mér fannst það nú strax jákvætt. Svo sagði hann að jú, ég væri skáld. Þá hefði ég getað sigrað heiminn.

## ***Maður skalf af tilhlökkun***

### ***Gauti:***

Þannig að þú fékkst svona að vissu leyti leyfi frá honum. En þú gerðir svo eitthvað meira í þessu, er það ekki? Þú fórst í bókmenntafræði?

### ***Jón Kalman:***

Já, af því ég var ekki nógu góður í stærðfræði. En það var náttúrliga bara lúxus að vera í háskólanum að lesa. Það var bara dásamlegt. En þá var ég að vonast eftir því að ég væri skáld.

Ég var nú svolítið viss um að ég hefði skilning á bókmenntum. Það var einhver áfangi þarna sem hét Bókmenntafræði 1, Gísli Sigurðsson kenndi hann, og mér fannst nú fáránlegt að vera að kenna mér eitthvað svoleiðis! Þannig að mér fannst algjörlega ástæðulaust að lesa þessar bækur sem hann var að ota að mér. Ég mætti í prófið og átti að greina hitt og þetta og mér fannst það mjög auðvelt. En svo felldi hann mig. Þannig að ég féll í bókmenntafræði. Þá fór ég nú að reyna að læra aðeins. En ég var aldrei góður nemandi.

En það sem var gott við að vera í bókmenntafræði, það var náttúrliga kennararnir. Þarna kynntist maður til dæmis Álfrúnu og Árna Bergmann og Matthíasi Viðari. En það voru reyndar ákveðin vonbrigði þegar ég byrjaði þarna. Ég hélt í alvöru að það væri bókstaflega slegist í

kaffitímanum um það hvor væri betri, Ísak eða Gyrðir og svo framvegis, en það virtist ekkert vera mikill áhugi á skáldskap, fannst manni! Þannig að ég var svolítið einn á sveimi þarna. En svo byrjaði Eiríkur og það var ágætt. Hann var alltaf efstur. Ég var alltaf neðstur.

**Gauti:**

Þú ert byrjaður að yrkja þegar þú ert í Keflavík og í Fjölbraut Suðurnesja. En hvenær áttar þú þig á því að þú ert þínu skráttinn og munt mögulega stefna í þessa átt? Getur þú farið aftur í tímann og bent á einhver augnablik sem skipta máli í þessu samhengi?

**Jón Kalman:**

Já, það var líklega þegar Baldur kenndi mér íslensku í Fjölbraut. Baldur er bróðir þessa alvonda manns, Gísli Sigurðssonar sem felldi mig. Ég náði reyndar fram hefndum seinna meir þegar ég sparkaði Gísli niður í fótboltaleik. Ég var miklu betri en hann í fótbolta, miklu betri. Það hefur líklega verið '84 eða '85, þá var ég tuttugu og eins árs.

En það var eitt af verkefnum í íslensku hjá Baldri að skrifa smásögu. Og það var bara eins og hvert annað verkefni, það hafði aldrei hvarflað að mér að skrifa smásögu. Ég man að ég fór heim og ætlaði að rumpa þessu af. En þegar ég byrjaði að skrifa, þá gerðist svolítið óvænt. Ég fann fyrir einhverju. Ég fann fyrir því sem ég hafði alltaf fundið fyrir en ekkert vitað hvað var. Mér fannst ég skilja heiminn miklu betur á meðan ég var að skrifa þessa smásögu. Svo náttúrulega um leið og ég hætti að skrifa, þá skildi ég jafn lítið!

Og ég man að einhverjum dögum síðar, þegar hann var að skila okkur sögunum, þá spurði hann yfir bekkinn hvort ég hefði stolið henni. Og nefndi einhvern danskan höfund sem ég man ekki hver var. Fyrst varð ég mjög reiður, mjög sár, en svo smám saman áttaði ég mig á því að ef hann teldi að sagan væri það góð að hún gæti verið eftir *höfund*, þá kannski væri ég ekki alveg ónýtur. Af því ég hafði sannarlega ekki stolið þessari sögu. Ég hafði aldrei lesið þennan höfund. Þannig að það var svona mómentið.

**Eiríkur:**

Þú nefnir Ísak og Gyrði. Þú ert í raun og veru af sterkri skáldakynslóð á

Íslandi því upp úr 1960 fæðast Gyrðir Elíasson, Bragi Ólafsson, Sjón, Kristín Ómarsdóttir og þú. Hallgrímur Helgason fæðist 1959. Þannig að þetta er sterk grúppa. Ég veit að þú heillaðist af ljóðabókunum sem komu út á níunda áratugnum, mögulega af Einari Má í kring um 1980. Var það, sem þetta fólk var að gera á þessum tíma, vindur í seglin eða inspírasjón fyrir þig?

**Jón Kalman:**

Ja, ég byrjaði ekkert að lesa bókmenntir fyrr en ég var rúmlega tvítugur. Ég var bara lost í heiminum. En þegar ég byrjaði að lesa árið 1984, þá náttúrllega steypiti ég mér í þetta. Þá voru þessi skáld, Gyrðir, Ísak, Kristín Ómars og náttúrllega Einar Már, mikil opinberun fyrir mig. Og ekki síður atómskáldin. Ég lá soldið í þeim. Það sem þeir voru að þýða og svo framvegis. En ég man þegar maður var að taka rútuna frá Keflavík til Reykjavíkur, til að fara í Mál & menningu af því Gyrðir var að gefa út bók. Maður skalf af tilhlökkun. Það var svo mikil stemning. Þá var eitthvað að gerast, fannst manni.

**Gauti:**

Tókstu þátt í þessari ljóðagerð út frá sömu forsendum eða varstu að reyna að vera eitthvað öðruvísi?

**Jón Kalman:**

Nei, ég varð bara að reyna að ná þessu sem var inni í mér. Það var alltaf eitthvað þarna, einhver andskoti. Mér fannst ég stundum vera að vinna á bergi með hamri. Ég fékk bara flísar í augun og ekkert gerðist. Þegar ég var búinn að skrifa þessar bækur varð ég mjög fljótt ósáttur við þær. Ég var kannski ánægður með þær á meðan þær voru í prentsmiðjunni en ekki mikið lengur. Mér fannst svo mikið vanta. Mér fannst ég svo mikið síðri en þessi skáld. Mér fannst ég standa þeim langt að baki.

## ***Ég hafði fundið minn streng***

**Eiríkur:**

Menn áttu ekkert endilega von á að þú myndir fara yfir í prósans en árið

1996 kemur út fyrsta prósabókin þín, *Skurðir í rigningu*. Þá varstu ekki búinn að fá neitt frumlegri hugmynd en svo að skrifa um sumar í sveit og stráka að fá hvolpavit og næstu þrjár bækurnar þínar fjalla eiginlega bara um það. Þetta var 1996 og það var þegar Reykvíkingar voru farnir að halda að miðja heimsins væri í hundrað og einum. Samnefnd bók eftir téðan Hallgrím Helgason kemur út 1996. En þú brunar upp í sveit og skrifar um strák sem hleypur berfættur í grasi og hlustar á skýin. Þú spyrð nú bara bókstaflega sjálfur í þeirri bók ef ég man rétt: Því í ósköpunum ætti maður að skrifa um sveit núna á þessum tímum þegar borgin er að þenjast út? Hvers vegna fórstu úr þessum reykvíska núturleika sem þú lýsir kannski svolítið í ljóðabókunum þínum? Hvers vegna fórstu í þessa átt?

### **Jón Kalman:**

Því er fljótsvarað: Ég bara gat ekki annað. Ég held að það sé mjög sjaldan sem höfundur velur sjálfur viðfangsefnið, það er yfirleitt öfugt. En ég reyndi sannarlega að skrifa um Reykjavík. Ég skrifaði tvær bækur sem voru um það bil verstu skáldsögur sem skrifaðar hafa verið á Íslandi. Og ég hafði sem betur fer vit á að henda þeim báðum. En þær voru sprottnar úr danskri skáldsögu sem kom út 1930, *Hærværk* eftir Tom Kristensen. Ég hreifst gríðarlega af henni. Það er ofboðslegur kraftur í henni og mikið af viskii. Maður verður bara ölvaður af að lesa hana! Mig langaði að skrifa reykvíska *Hærværk*, um næturlífið, um Tuttuguogtvo sem var aðalstaðurinn þá. Ég hafði oft verið þar.

Einhvern tíma þegar ég var á Tuttuguogtveimur þá var verið að gera við barinn. Þetta voru svo ákafir businessmenn að á meðan það var verið að gera við barinn, þá var hann samt opinn. Og ég missti ávísanaheftið mitt undir barinn og það var ekkert hægt að ná því fyrr en þremur dögum síðar þegar smiðirnir komu aftur til vinnu. Þannig að ég stóð þarna og gat ekkert keypt, sem var svolítið vont. Þetta var á föstudegi og á laugardegi fór ég að tala við eigandann og við vorum sammála um að þetta væri dálítið vont. Þannig að hann sagði: Þú bara færð það sem þú vilt á barnum og lætur skrifa hjá þér. Þetta var frábært! Þangað til náttúrlega að ég þurfti að borga, þá var það svolítið mikið.

Mig langaði sem sagt að skrifa um reykvískt næturlíf en ég fann að þetta var alveg ofboðslega lélegt hjá mér og ómerkilegt. En í báðum

Þessum vondu skáldsögum fór söguhetjan í leigubíl eitthvað út á land í miðju fylleríinu og þá fór eitthvað að ganga. Og þá hugsaði ég með mér: Þetta er ekkert svo slæmt. En svo rankaði ég við mér og hugsaði: Jesús Kristur, að skrifa um sveit, kemur ekki til greina! En ég komst ekki undan því. Þannig að þegar ég var búinn að skrifa þessar tvær vondu bækur og orðinn sannfærður um að ég væri ekki skáld og ekki rithöfundur og ætti að fara í einhverja heiðarlega vinnu, ákvað ég að skilnaði að skrifa smásögu eða minningu um bónda sem er ofboðslega stór og mikill og fer á fyllerí og allir verða hræddir. Það hljómar reyndar ekki merkilega! Enda átti þetta ekkert að koma út, átti bara að vera minn svona farvel til skáldskapar. Svo skrifaði ég þessa sögu og þegar ég var búinn að skrifa hana, þá voru komnar út þrjár bækur og útgefandinn minn, Snæbjörn Arngrímsson, var kominn á hæli eftir að hafa þurft að gefa þær út!

#### ***Eiríkur:***

Eigum við ekki að heyra brot úr þessari bók, *Skurðum í rigningu*, frá árinu 1996? Vigdís Hrefna ef þú vildir fara með okkur upp í sveitina hans Jóns?

#### ***Vigdís Hrefna les:***

*Þegar bóndinn vildi láta stækka túnið, var maðurinn á gröfunni kallaður til. Þarna kemur grafan, kallaði einhver og í sjónaukanum mjakaðist hún niður hæðina eins og þunglynt beltisdýr. Það var alltaf viðburður þegar farartæki birtist á hæðinni og bar við himin. Fáir utansveitarmenn beygðu af þjóðveginum og tóku þennan krók uppfyrr fjall; fólk beygir nefnilega sjaldan af þjóðvegum. Ég þori ekki að segja nákvæmlega til um vegalengdina frá hæðinni og heim á hlað, þori ekki að nefna kílómetrafjöldann, en stundum þegar einhver birtist eins og spurningarmerki og virtist eitt augnablik snerta himininn, átti ég það til að hlaupa að útihúsunum og ganga síðan kringum þau á eðlilegum gönguhraða; kringum fjósið, fjárhúsin, hlöðuna. Ég náði yfirleitt einum hring og tíu eða fimmtán metrum betur og þá var billinn hjá afleggjaranum. Sumir óku að vísu bara hálfá leið, það er, beygðu upp að nágrannabænum og uppskáru spott okkar.*

Aðrir beygðu hvorki upp að honum né niður til okkar, en héldu áfram, hurfu handan við leitið og ef þeir birtust ekki einhverjum mínútum síðar með rykorminn hangandi aftan í sér, og fóru þannig fram hjá eyðibýlinu á leið niður veg, höfðu þeir beygt upp að Miklafelli. Það þótti athyglisvert og ef engin mikilsverð bústörf kölluðu, fórum við öll í bíltúr á Landróvernum bláa sextíu og sjö módelinu og sjónaukinn í kjöltu einhvers.

Hvílíkur munaður að hafa lifað þá tíma, þegar alls ókunnugt fólk setti mark sitt á daginn bara með því einu að vera í bíl sem hverfur bak við leiti. Hvílík gjöf er það fyrir minninguna að hafa lifað slíka tíma. Einu sinni birtist til dæmis rúta á hæðinni, heil rúta, en hún var ekki spurningarmerki sem bar við himin, heldur upphrópun. Og þegar hún ók hægt framhjá bænum, sáuum við sem stóðum á hlaðinu, að rúðurnar voru fullar af útlendum andlitum. Sjáiði, það er með myndavélar, sagði ég.

Að hugsa sér; nokkrum vikum síðar vorum við framkölluð í fjarlægju landi, dregin inní óskiljanlegt tungumál og skrýtin orð notuð yfir íslenska undrun. En hér skal skýrt tekið fram, að sökum anna missti maður oftast en ekki af farartækjum sem óku upp fyrir fjall. Maður var kannski að rifja, pírandi augun mót sólinni til að greina skilin í slægjunni en í kaffinu spurði einhver: sáuð þið bílinn?

Í fjórar vikur urraði grafan gul í mýrinni og það var bara fyrsta daginn að hún líktist þunglynda beltisdýrinu. Síðan líktist hún í raun engu sem ég hafði áður séð, en mörgum árum síðar sá ég stjörnustríðsmynd í kvikmyndahúsi og þar var sitthvað sem fékk mig til að hugsa um gröfuna gulu í mýrinni. Fyrstu tvær vikurnar var hún hægra megin í fjósglugganum og ég horfði stundum heillaður út á milli klesstra skrodýrahæja, á jötunefldan arminn hverfa ofaní sár jarðar og koma aftur upp með skóflu fulla af löngu liðnum árum. Í hádeginu kom gröfumaðurinn í mat, lyktaði af neftóbaki, magur, sinaber með augu sem horfðu fast og vottur af bassa í röddinni. Það vantaði rúman sentimetra framaná löngutöng hægri handar. Nærvera hans breytti öllum lögmálum hússins. Mér var gert að hegða mér, sem þýddi að steinþegja og segði ég eitthvað, var ekki tekið mark á því. Varla að húsfreyjan

settist niður en bóndinn og maðurinn á gröfinni töluðu og töluðu um hluti sem snertu bæinn eða búskapinn lítið, jafnvel ekki neitt. Stundum strauk gröfumaðurinn svart skeggið og neftóbakskorn hrundu yfir matinn eða ofaní kaffibollann. Ég mátti ekki koma nálægt gröfunni; ekki á daginn, ekki á kvöldin. Mátti ekki einu sinni koma nálægt mýrinni. Engin skýring gefin.

Kvöld eitt, þegar maðurinn var horfinn á Skódanum og grafan hvíldi skófluna á moldarbing, læddist ég þangað niðureftir með notalegan seyðing í maganum. Þetta var í fyrsta skipti sem ég stóð upp við gröfu og bjóst hálfvegis við að hún andaði þungt undir vélarhlífinni og blikkaði rúðunum framan í fjallið. En þarna stóð hún bara, ísköld og líflaus, vissulega óskaplega stór, tvöfalt, jafnvel þrefalt stærrí en Zetorinn sem að auki var gamall, skældur og ekki með neitt hús, vissulega stór en hugmyndasnaud og fjallið bakvið mig var enn stærra og yfir öllu endalaus himinn. Ég þrílaði því óhræddur upp á annað beltið en mér til mikillar furðu var húsið læst. Hafði aldrei heyrt þess getið að menn læstu einhverju í þessari sveit. Það fauk í mig en sem betur fer var mér mál að pissa: ég hneppti frá og kröftug bunan freyddi á húninum. Þar með náði ég jafnframt fram hefndum fyrir leiðinlegustu hádegi sem ég hafði lifað fram að þessu.

Þetta var í fjórðu og síðustu vikunni. Mýrinni var að blæða út, fuglasöngurinn hljóðnaður. Ég stóð lengi við fyrsta skurðinn, horfði á mislit moldarlögin, á trjástofninn sem djarfaði fyrir á tveggja metra dýpi, stóð lengi og horfði mörgþúsund ár aftur í tímann. Síðan stökk ég ofaní og brá svolítið þegar ég lenti á moldugri hauskúpu. En þetta var bjart sumarkvöld og myrkrið bara óljós grunur. Ég beygði mig niður, við hlið hauskúpunnar var hrúga af steingerðum orðum. Án þess að hika, stakk ég nokkrum þeirra upp í mig.

Þegar ég kom uppúr skurðinum var fjallið ekki lengur fjall.

### **Þorgerður:**

Tilfinningarnar voru svolítið blendnar við endurfundina við ljóðið áðan. En hvernig líst þér á þetta?

**Jón Kalman:**

Ég var nú eiginlega búinn að gleyma þessu. Er þetta örugglega eftir mig?

**Þorgerður:**

Það er spurning!

**Jón Kalman:**

Það er svolítið skrýtið alltaf þegar maður þarf að fara í gegnum eldri bækur. Kannski ekki þessar en til dæmis *Sumarljós [og svo kemur nóttin]* og fleiri, þegar einhverjar spurningar koma frá þýðendum eða blaðamönnum. Mér finnst alltaf jafn skrýtið að fara í mínar gömlu bækur því mér tekst alltaf að gleyma þeim. Sem ég er mjög glaður með. Og það er stundum á mörkunum að ég kannist við þær aftur.

Var þetta úr *Skurðunum*? Já, ég man að mér fannst mjög gaman að skrifa þá bók. Af því það var svona sprenging. En ég var svolítið feiminn líka. Eins og Eiríkur kom inn á, þá var Reykjavík staðurinn á þessum tíma og það var eiginlega ekkert jafn hallærislegt og sveitin. Hvað þá sveitin á milli '70 og '80. Það var bara óbærilegt. Ég vissi að þetta væri nú ekkert líklegt til vinsælda. En mér var bara alveg sama. Ég hafði fundið minn streng og ég bara spilaði.

**Gauti:**

Já, kannski um strenginn. Það eru einhver einkenni þarna strax, eins og þessar andstæður og þessar óvenjulegu samlíkingar. Þetta eru náttúrlega hlutir sem einkenna þig sem höfund að einhverju leyti. En svo ferðu ekki bara frá Reykjavík heldur ferðu líka til barnsins sem sögumanns. Þú ert gjarnan með nokkuð unga sögumenn, til dæmis í *Snarkinu* og þarna líka. Hún skiptir máli, þessi æska, ef ég má orða það svo.

**Jón Kalman:**

Ég man eiginlega ekki eftir að hafa tekið eina einustu ákvörðun um eitt eða neitt þegar ég skrifaði þessar bækur, sveitabækurnar þrjár. Þegar þeir, sem lásu þetta yfir, voru að segja mér að stytta hér og þar, þá tók ég reyndar ákvörðun um að stytta hér og þar. En þegar ég byrjaði að skrifa þessar bækur, það var bara eins og ég hefði skorið á æð.



**Gauti:**

Þú hefur þá ekki búið til svona Excel skjal og sett upp persónur og sögumann og aldur?

**Jón Kalman:**

Nei, það bara flæddi. Þetta var um eitthvað sem hafði gerst fyrir tuttugu árum en ég var farinn að finna mjög sterklega að þótt það væru bara tuttugu ár síðan, þá var eins og það væru svona sjötíu ár síðan. Þetta var tími sem var horfinn. Mig langaði svolítið að bjarga honum.

En svo var það líka það að mér leið mjög vel í sveitinni. Ég var þar alltaf á sumrin og um páskana og jólin. Og svo vann ég þar í sláturhúsi. Þannig að þegar ég loksins átta mig á því hver ég er sem höfundur, átta mig á því með því að skrifa, þá kemur þetta fyrst, þá flæðir þetta fram.

**Eiríkur:**

Þú náttúrlega varst í sveit í Dölunum. Eftir þennan þrileik þá skrifar þú *Ýmislegt um risafurur og tímann*, sem fjallar um sumar í Noregi, svo kemur *Snarkið í stjörmunum*, þar sem þú ert að gera upp reynslu þína sem barn. Að hve miklu leyti lítur þú á þessar bækur sem sjálfsævisögulegar bækur? Hver eru hlutföllin á milli skáldskapar og veruleika í kollinum á þér?

**Jón Kalman:**

Þegar *Risafururnar* og *Snarkið* komu út, þá hafði ég þínu áhyggjur af stjúpu minni og föður mínum. Af því það er stjúpa í þessum bókum og það er faðir þarna. Stjúpan geymir selshreifa eða eitthvað slíkt á svölunum og er að naga þá. Og ég hafði kannski áhyggjur af því að henni þætti þetta óþægilegt. En hún nefndi það nú ekkert enda er hún af Ströndunum og menn segja ekki margt þar. Ég held að hún hafi nefnt *Risafururnar* í fyrsta sinn í fyrra, eða *Snarkið*. Þá fór hún að segja mér að fólk hefði verið að spyrja sig hvort það væri virkilega satt að hún hefði geymt selshreifa úti á svölum. Ég veit ekkert hvort hún gerði það eða ekki því ég er blessaður með mjög vondu minni. Ég man ekki neitt! Og þess vegna veit ég ekkert hvort ég er að skrifa um eitthvað sem hefur gerst eða ekki.

Eitt af því fáa, sem ég man, er að þegar ég var að skrifa *Risafururnar* og var að lýsa ömmu stráksins, norskri stjúpömmu, þá gekk það ekkert hjá mér. Merkillegt nokk, þá átti ég líka norska stjúpömmu. Og ég var að reyna að lýsa henni og það gekk ekkert. Þetta var ferlega vont. En það fór fyrst að ganga þegar ég hætti að reyna að lýsa henni eins og ég sá hana fyrir mér og fór að lýsa henni eins og hún átti að vera. Og um leið fór ég að fjarlægjast veruleikann.

Ég get ímyndað mér að það séu kannski fimm til tíu prósent af mínu lífi þarna. En hins vegar eru 99 prósent af mínu tilfinningalífi þarna.

Ég hef einhvern tíma sagt þetta áður: Þegar þú lest bók, þá sérðu bara það sem þú kannast við en ekki það sem þú kannast ekki við. Þetta er nákvæmlega það sama og þegar þú lest stjörnuspeki í blöðum eða bókum. Það er verið að lýsa bogamanninum og þú hugsar: Þetta er ég, Jesús Kristur! En svo þegar þú ferð að fara í gegnum þetta, þá eru kannski tvær línur af 75 sem eiga við um þig. En þú sérð bara þessar tvær línur. Það er nákvæmlega það sama með skáldskapinn þegar höfundur notar fyrstu persónu frásögn, notar „ég“. Þú vilt trúá því að þetta sé ekki skáldskapur. Þú vilt trúá því að lífið sé svo athyglisvert að það þurfi ekki að búa til skáldskap. Þetta er kenning!

**Eiríkur:**

Þetta er ágætt hjá þér!

**Jón Kalman:**

Skrifaðu þetta niður og við förum yfir þetta á eftir!

## Á röngum bar

**Eiríkur:**

Þú virðist ekki geta stungið niður penna án þess að fara aftur í tímann. Það er merkilegt með þig, sem ert svona gegnsósa af mórernískum skáldskap, ljóðlist og tuttugustu aldar bókmenntum, - þú verður alltaf að stökkva aftur í tímann. Þú getur ekki bara haldið þig í Safamýrinni árið nítján hundruð sjötíu og eitthvað, þú verður líka að fara hundrað ár

aftur í tímann og segja frá langafa og langömmu söguhetjunnar. Sama gerist í þinni nýjustu bók, *Fiskarnir hafa engar fætur*, þar ertu líka að tefla saman samtíma og löngu liðinni tíð. Kannski ert þú alltaf að leita að einhverju upphafi því þú segir einhvers staðar að maður geti aldrei komist undan fortíðinni. Af hverju geturðu ekki bara verið nútímalegur?

**Jón Kalman:**

Já, það er satt hjá þér, þetta eru mistök! Þegar ég skrifaði *Fiskana* til dæmis, þá ætlaði ég bara að skrifa um Keflavík. Það er yfirdrifið nóg að skrifa um Keflavík. Maður getur skrifað tíu bækur bara um Keflavík og þá er maður bara rétt að byrja að hita sig upp. En það sýnir hvað ég er vondur höfundur að ég ætlaði bara rétt að nefna langafa svona í „forbifarten“. Þetta var á þriðjudegi klukkan tíu og klukkan tíu mínútur yfir tíu ætlaði ég að halda áfram með Keflavík. En svo var allt í einu bara komin heil saga til hliðar og vikur liðu og ég var ennþá þarna fyrir austan.

Reyndar hefur mér alltaf þótt mjög dapurlegt að tíminn skuli líða. Mér hefur alltaf fundist það mjög ósanngjarnt gagnvart okkur að tíminn skuli fara svona miskunnarlaust í gegnum okkur og smám saman fjarlægja lífið. Og mér hefur alltaf þótt mjög dapurlegt og tregafullt að fara um kirkjugarða og sjá nöfn á fólki sem maður veit ekkert um. Maður sér kannski áletrunina 1805-1890 og öll ævin er bara þetta eina strik. Og það er eitthvað nafn sem segir manni ekkert og maður veit ekkert um þessa manneskju. Það er einhver grimmd í því. Og ég vil breyta því.

**Þorgerður:**

Halda fortíðinni til haga?

**Jón Kalman:**

Já, ég er í stríði við tímann. Ég ætla að sigra hann!

**Gauti:**

Í sveitapríleiknum er kannski svona fortíðarþrá, einhver nostalgía, en það er líka húmor, jafnvel á kostnað viðfangsefnanna. *Sumarið bak við brekkuna*, til dæmis. Maður veltir fyrir sér: Er verið að gera grín að viðfangsefninu eða er þetta írónía eða er þetta góðlátleg kímní eða hvað?

**Jón Kalman:**

Mér hefur kannski tekist eitthvað ef ég hef skilið eftir einhvern efa hjá þér. Það er ágætt hjá mér!

**Gauti:**

Já, það hefur allavega tekist. Og þess vegna er ég svona að bora aðeins.

**Jón Kalman:**

Já, húmor er náttúrlega mikilvægasta aflið í veröldinni. Þegar maður er að skrifa og segja frá, þá er kveikt á öllum stöðvum og maður er alltaf að reyna að sjá viðfangsefnið frá öllum hliðum. Það er mjög auðvelt að sjá manneskjuna frá hlið íróníunnar af því manneskjan tekur sig mjög hátíðlega, bara almennt. Samfélög taka sig mjög hátíðlega, þjóðfélög taka sig mjög hátíðlega, forsætisráðherrann tekur sig mjög hátíðlega. Ég held reyndar að hann sé sá eini sem tekur sig hátíðlega!

En húmorinn er ofboðslega mikilvægt vopn eða tæki fyrir okkur, bara til þess að skilja veröldina betur, til þess að fletta ofan af henni eða snúa við. Það er ekkert þannig að maður sé að skrifa og hugsa: Jæja, nú er ég búinn að skrifa í tíu mínútur, best að koma með einhvern húmor. Þetta bara kemur, þetta er í flóðinu.

**Eiríkur:**

Í lokin um sveitapríleikinn: Ég veit að þú hugsar mikið um það hvernig þú ætlar að segja söguna og hvað þú getur gert við skáldsögu. Varstu strax byrjaður að hugsa um form og hvernig þú vildir blása nýju lífi í skáldsagnarformið á þessum tíma?

**Jón Kalman:**

Já, það hafa náttúrlega ansi margar bækur verið skrifaðar í gegnum tíðina. Nútímaskáldsagan, hvað er hún gömul?

**Eiríkur:**

400 ára.

**Jón Kalman:**

Já, það er búið að skrifa nokkur hundruð þúsund skáldsögur á þessum

tíma. Þannig að skáldsagnahöfundar þurfa stöðugt að vera að finna nýjar leiðir, endalaust. Það þarf ekkert að vera umbylting endilega í hvert skipti en ef skáldsagnarhöfundur hugsar ekki um formið, þá skrifar hann ekki góðar skáldsögur.

**Eiríkur:**

Það er svo einfalt?

**Jón Kalman:**

Það er svo einfalt.

**Þorgerður:**

Ég var að hugsa áðan um þetta með fortíðina og sveitina. Ég held einfaldlega að þú hafir verið á röngum bar. Þú varst að þvælast á Tuttuguogtveimur með örlagabyttunum á meðan Hallgrímur fór á Kaffibarinn og þar var sko framtíðin!

**Jón Kalman:**

Já, ég veit það, ég kunni aldrei við mig á Kaffibarnum.

**Þorgerður:**

Ég held að þar liggi skýringin að einhverju leyti.

**Jón Kalman:**

Já, það getur verið. Sveitin bjó á Tuttuguogtveimur.

**Eiríkur:**

Hratt flýgur stund, það fer að líða að hléi hér í Gerðubergi. En við ætlum að fá tónlist áður en að því kemur. Hlustar þú á tónlist, Jón, þegar þú skrifar?

**Jón Kalman:**

Ja, þegar ég er á ákveðnu stigi kannski, að slá inn eða lesa eitthvað yfir. Þá hlusta ég stundum á Erik Satie eða eitthvað svoléiðis. Ekki söng.

**Eiríkur:**

Ókei, bara svona í ákveðnum fasa?

**Jón Kalman:**

Já, í ákveðnum fasa.

**Eiríkur:**

Þá ætla ég að bjóða tónlistarfólki á svið. Magga Stína ætlar að stíga hér á stökk með fylgdarliði. Við ætlum að heyra smá tónlist áður en við höldum inn í hléið og það verður boðið upp á kaffi í hléinu. Við tökum okkur 20 mínútna pásu en höldum svo áfram að því loknu.

Magga Stína og félagar spila og syngja, „Þriðja kennd til konu“ eftir Jón Kalman Stefánsson.

*Segðu mér  
ef ég færi þér tímann  
í hlekkjum.*

*Segðu mér  
ef ég færi þér ljóð mitt  
á vörum heimsins.*

*Segðu mér  
ef ég færi þér tímann  
í hlekkjum.*

*Segðu mér  
ef ég færi þér ljóð mitt  
á vörum heimsins.*

*Segðu mér  
ef.*

**Eiríkur:**

Takk fyrir það Magga Stína, Hörður Bragason, Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Gunnar Hrafnsson. Nú fáum við okkur kaffi og byrjum aftur eftir 20 mínútur.

## HLÉ

**Eiríkur:**

Við höldum þessu Ritþingi áfram og eigum eftir að koma víða við. Kannski förum við í Búðardal, kannski í Safamýrina, kannski förum við til Noregs. Við munum allavega leggja út á djúpið hér síðar.

Jón, ég veit að félagar þínir höfðu miklar áhyggjur af því að þú myndir lifa dauðann af í dönskum bókaskáp. Þú varst alltaf að lesa norrænar bókmenntir og hefur alltaf haft sterkar taugar til norrænna rithöfunda. Frægt er þegar þú lást inni í kofa í hliðinu að Keflavíkurlflugvelli og last *Rauða herbergið* eftir Strindberg, þegar þú áttir að sinna öðrum störfum. En ég hef nú grun um að það sé sérstaklega einn norrænn höfundur sem hefur skipt þig algjörlega sköpum og það er Knut Hamsun.

**Jón Kalman:**

Ja, í fyrsta lagi hefði ég viljað hafa Möggu Stínu hér áfram. Hún er miklu skemmtilegri og fallegri en ég og miklu dýpri! En úr því hún er farin, þá verð ég að tala.

Knut Hamsun hefur ekki bara skipt mig máli, hann hefur náttúrlega skipt heiminn máli. Laxness væri ekki Laxness ef Hamsun hefði ekki verið uppi. Hann hefur náttúrlega haft ofboðsleg áhrif á höfunda víða um heim. Það má kannski deila um það hversu mikill hugsuður Hamsun er og hvort hann hafi rétt fyrir sér varðandi pólitík en það er enginn þar sem hann er sem stílisti. Hann nær einhverju sem enginn annar höfundur hefur síðar náð. Stíllinn hverfur þar sem hann er hvað tærastur. Það bara gerist eitthvað. Fólk er kannski að færa til stól en það er eitthvað miklu meira í gangi. Samt er ekkert meira í gangi.

Ég þýddi til dæmis eina bók eftir hann, sem er frekar látlaus bók, ekki mikið sem gerist þar þannig séð. En þegar ég var búinn að þýða setningarnar alveg kórrétt, sem voru sannarlega bara mjög einfaldar, þá tók ég eftir því að skáldskapurinn varð eftir í norsku bókinni en í íslensku bókinni var ekki neitt. Þá þurfti ég að byrja upp á nýtt. Hann er þannig höfundur.

**Gauti:**

Þú hefur verið að þýða fleira, ljóð og Selmu Lagerlöf, Martin Hansen. Hvað er það sem dregur þig í áttina að þessu?

**Jón Kalman:**

Ja, Martin Hansen, hann er líka höfundur sem hefur skipt mig miklu máli, sérstaklega þegar ég var að skrifa *Risafururnar*. Ég náði svona persónulegu sambandi við hann. Hann er danskur höfundur og hans þekktasta bók heitir *Løgneren* eða „Lygarinn“, sem kom út undir nafninu *Djákninn í Sandey* á Íslandi. Hún var upphaflega þöntuð sem útvarpssaga og er algjör klassíker í Danmörku. Það er sama hver setur saman lista yfir tíu bestu bækur Danmerkur á tuttugustu öldinni, þessi er alltaf þar. Og hún var sem sagt upphaflega þöntuð sem útvarpssaga. Það er ekki hægt að gera það lengur hér á Íslandi, þannig að þið sjáið hvað gerist með íslenskar bókmenntir ef útvarpssagan verður lögð niður.

En fyrir mig, með þýðingar mínar á Hamsun og Hansen, það var leið til að segja bara: Takk fyrir! Ef ég hrífst verulega af einhverju, þá brennur það á mér að koma því yfir á íslensku. Mér finnst að mér beri skylda til þess.

**Gauti:**

Og það sama á við um ljóðin sem þú gafst út núna fyrir skömmu?

**Jón Kalman:**

Já, algjörlega. Ég varð að gera þetta, það var ekkert undan því vikist. Þetta var ekki ákvörðun sem ég tók, ég bara gerði þetta.



## **Að stækka heiminn**

### ***Þorgerður:***

En þú náttúrlega hefur erindi? Það skiptir miklu máli fyrir þig að þú skiljir lífið og lifir betur, í einhverjum skilningi, er það ekki?

### ***Jón Kalman:***

Ja, til hvers að skrifa ef maður reynir ekki að breyta heiminum? Ég get ekki skilið það, bara með listamenn almennt. Ef þú hefur þessa, ég veit ekki hvað ég á að kalla það, gáfu eða talent, ef þú hefur þetta, þá áttu að nota þetta í eitthvað. Þú átt að stækka heiminn, þú átt að reyna að komast að því hvað er á bak við dauðann og hvað er inni í lífinu. Og gera heiminn að, - ef ekki betri stað, þá stærri stað. Mér finnst algjörlega ófyrirgefanlegt að reyna þetta ekki. Og það er þess vegna sem ég skrifa.

Það verður að vera einhver eldur. Auðvitað er voða gaman þegar vel gengur og bækurnar seljast og allt það. Og auðvitað, ef maður vill breyta heiminum, þá er betra að einhver lesi bækurnar. Það er erfitt að breyta heiminum ef enginn les þær. En ég held að ég myndi samt halda áfram þó að enginn læsi bækurnar af því þessi þörf er svo brjálæðisleg.

Siggi Páls sagði einhvern tíma: Ég kafna ef ég skrifa ekki. Í *Bréfum til ungs skálds* eftir Rilke var spurt: Hvernig get ég vitað hvort ég er skáld eða ekki? Og Rilke svaraði: Ef þú telur þig geta verið hamingjumann án þess að skrifa, þá ertu ekki skáld. Þannig að skilaboðin eru: Vertu óhamingjusamur og skrifaðu.

### ***Gauti:***

Ertu óhamingjusamur?

### ***Jón Kalman:***

Ekki nálægt þér, Gauti, ég er mjög hamingjusamur nálægt þér!

### ***Eiríkur:***

Trúin á skáldskapinn er svona gegnumgangandi þema í bókunum þínum, trúin á að skáldskapurinn geti skilið jafnvel á milli feigs og

ófeigs. Og það eru bókstaflega dæmi um að ljóð drepri menn í bókum þínum. En svo ertu líka með efasemdir. Þær rata líka inn í bækurnar, efasemdir um að orðin rati rétta leið og hafi tilætluð áhrif.

***Jón Kalman:***

Já, ég efast alveg stöðugt, hverja einustu sekúndu sem ég skrifa, að þetta hafi einhver áhrif, að þetta hafi eitthvað að segja. Manni finnst stundum að það sem maður er að gera skipti ekki neinu máli, að orðin skipti ekki neinu máli. En það er einhver von þarna sem drífur mann áfram, sem fær mann til að leita nýrra leiða. Maður reynir að finna eitthvað í orðunum og forminu sem hefur ekki fundist áður.

Ég vitna oft í William Faulkner sem sagðist eilíflega vera að reyna hið ómögulega í sínum skrifum og svo bætti hann við: Auðvitað tekst mér það ekki. Ég er enginn Faulkner, - hann drakk miklu meira en ég til dæmis, en við eigum þetta þó sameiginlegt. Ég veit að mér tekst það ekki en ég myndi aldrei fyrirgefa mér ef ég myndi ekki reyna.

## ***Orð eru verkfæri***

***Gauti:***

Þú fjallar mikið um orðin, mátt þeirra og máttleysi. Það er þema sem kemur oft upp hjá þér. Ég velti því fyrir mér hvort þú hafir svona orðablæti, sem er kannski ekkert skrítið blæti hjá rithöfundi. Þú brýtur oft til mergjar: Hvað geta orðin gert og sagt og hvað ekki?

***Jón Kalman:***

Já, en sjáðu til, pabbi minn var múrari og hann talaði náttúrllega um múrverk, hvað væri hægt að gera með hallamálið, hvernig ætti að opna sementspokana, hvort þetta sement væri betra en hitt og svona. Ég meina, kommon, ef þú ert að vinna við eitthvað, þá hlýtur þú að tala um það. Þú hefur áhuga á verkfærunum þínum og orð eru verkfæri. Þau eru það eina sem þú hefur, þú hefur ekkert annað. Þú verður stöðugt að vera að kaupa nýtt skaft á hamarinn.

**Gauti:**

En orðin eru ekki bara einkamál höfundarins, þau eru líka eign okkar hinna, lesendanna.

**Jón Kalman:**

Já, bók verður náttúrulega ekki til fyrr en hún er lesin. Höfundur getur skrifað trilljón bækur en ef enginn les þær, þá eru þær strangt til tekið ekki til. Og smátt og smátt kafna þær og deyja, fúlna eða mygla eða eitthvað. Lesandinn er þar sem allt gerist. Þetta byrjar að virka, fara af stað um leið og bók er lesin.

En það er kannski eitt í sambandi við þýðendur. Svo ég fari með þá möntru sem ég fer alltaf með, hvar sem ég er staddur: Án þýðendanna væru ekki til heimsbókmenntir. Ég hef aldrei skilið af hverju nafn þýðandans kemur ekki fram á kápu þýddrar bókar. Ekki það að þýðandinn sé höfundurinn en bókin væri ekki til án þýðandans og góður þýðandi er svo mikilvægur. Við eigum alltaf að tala um hann og við megum aldrei gleyma honum.

**Gauti:**

Ertu oft í samskiptum við þýðendurna þína?

**Jón Kalman:**

Það er misjafnt. Sumir hafa aldrei samband, halda örugglega að ég sé dauður. En sumir eru vinir mínir. Sumum finnst ég hundleiðinlegur og nenna ekki að tala við mig og það er fínt en maður rímar við suma. En þýðendur eru náttúrulega jafn skrýtið fólk og rithöfundar. Ég hef ekki ennþá hitt þýðanda sem er venjuleg manneskja. Það er bara eins og með höfundana.

**Eiríkur:**

Þú vildir ekki kannast við ljóðabækurnar, sem ég var að veifa framan í þig áðan, en þú kannast við þessa bók, er það ekki? *Snarkið í stjörnunum* frá árinu 2003. Er búið að þýða hana á mörg tungumál?

**Jón Kalman:**

Nei, bara þýsku.

### **Eiríkur:**

Eigum við að heyra brot úr þessari bók? Vigdís Hrefna, ef þú myndir ganga hér upp á pallinn.

### **Vigdís Hrefna les:**

*Gatan mín heitir Safamýri. Hún er ekki gömul og kann þessvegna sárafá orð. Safamýrin getur sagt jól en alls ekki jólatré, því síður jólaskraut. Móðir mín syngur jólalögin djúpt ofan í moldinni. Rútubílstjóri, prentari, kennari og gamalt fólk tekur undir, en ekki ég. Þeir sem eru ofanjarðar geta ekki haldið jól með þeim sem eru niðri í jörðinni, það er of mikið af mold á milli. Desember kemur með jólasveinana, þeir eru ekki einn og átta heldur átta sinnum átta og enginn þeirra með rödd eins og lækur. Síðan lemur 23. desember okkur þabba af þögulli heift með fallegu jólatré, okkur blæðir báðum undan, það stingur okkur í hvert sinn sem við nálgumst með skrautið og um nóttina halda fingurnir fyrir mér vöku með kjökri sínu. Daginn eftir horfi ég á barnatíma sjónvarpsins. Við pabbi erum báðir með bindi en þurfum sífellt að losa um þau, ásakanir þeirra herða að hálsinum. Fötin í skápnum spyrja eftir henni, skórnir spyrja eftir henni og sparihnífapörin þylja nafn hennar, augu okkar þabba eru svört, fuglinn í ofninum blakar vængjunum háðslega framan í okkur og syngur eitthvað sem við skiljum ekki, hönd föður míns fálmar eftir mér en himinninn bitur í hana, hún bólgnar upp en þarna kemur Björgvin á vörubílnum, vörubílnum sem rúmar ótal hása jólasöngva í pústkerfi sínu handa Trabantinum. Björgvin er með þrjá pakka handa mér, einn þeirra er mjög stór en þó samt ekki nógu stór. Björgvin þaggar niður í bindunum, hnífapörunum, hann lætur fuglinn í ofninum heyra það, bólgin hönd á öxl minni, klukkan í útvarpinu slær sex sinnum, útvarpið verður svo hátíðlegt að Björgvin tekur slaufuna af sér og setur hana utan um það. Úti í myrkrinu glefsar himinninn eftir hverju sem er.*

*Á gamlársdag stöndum við pabbi hlið við hlið og horfum á krossinn, hann er dvergur með útbreiddan faðminn. Nafnið hennar er rétt ofan við moldina. Frostið nagar tær okkar og fingur. Um kvöldið kemur herra Billy Smart og sirkusinn hans í*

*sjónvarpið, flugeldar hvæsa einhverju að himninum, galtómum himninum, fjarhuga himninum, hvæsa og springa síðan með hveli eða jafnvel drunum, og þá nötra stofurúðurnar. Kannski berast drunurnar niður til hennar sem liggur með opin augun og hlustar. Við stöndum á svölunum og horfum upp í himinninn, það hallar að miðnætti, augu okkar eru svört. Ég sofna. Ég sofna og vakna snemma morguninn eftir. Veröldin er þakin brunnum spýtum. Það er nýtt ár fyrir þá sem lifa á yfirborði jarðar.*

## **Sparkaði mér út á hafsauga**

**Porgerður:**

Þarna lýsir sonur sársaukafullri reynslu, ekki satt?

**Jón Kalman:**

Jú, Snarkið er að einhverju leyti sjálfsævisöguleg. En lögmál skáldskaparins hafa völdin. Það er mikilvægt, sérstaklega þegar maður byggir sögur á eigin lífi að einhverju leyti, að lögmál skáldskaparins fái að ráða. Þau geta verið mjög grimm. Bróðir minn var til dæmis mjög sár út í mig af því hann er ekki til í bókinni. En ég á sem sagt albróður. Þarna sér maður hvað skáldskapurinn getur verið grimmur, hann drepur fólk. Og reyndar hafa önnur systkini mín líka lagt fram kvörtun, þau virðast aldrei vera til.

En ég missti móður mína þegar ég var mjög ungur og það sem kemur fyrir þig í æsku býr auðvitað með þér alla tíð. Og að missa eitthvað sem er jafn stórt og móðir, það er eitthvað sem aldrei fer og þú ert alltaf að skrifa um, í raun og veru. Gunnar Gunnarsson skrifar um þetta í *Fjallkirkjunn* í ógleymanlegan hátt. Þar er ofboðslega sterk sena, þar sem hann er að lýsa þessu. Hann sagði einhvern tíma að hann hefði aldrei náð að lýsa þessu til fulls, langt í frá.

En mikil reynsla breytir þér. Ef þú ert skáld, rithöfundur eða listamaður, þá ertu að vinna úr þessu alla þína ævi. Það er bara lögmál, þú kemst ekkert undan því.

**Eiríkur:**

Þetta var fallegur kafli sem við heyrðum Vigdísu lesa hérna. Við Þorgerður vorum áðan að dást að því hvernig þú tekst á við þetta tilfinningalega í þessari bók en um leið á einhvern dempaðan hátt. Maður fær allan sársaukann en samt ferðu aldrei yfir strikið. Það hlýtur að hafa verið ákveðin áskorun fyrir þig að ná einhverju slíku?

**Jón Kalman:**

Ja, mér finnst stundum að ég sé frekar að semja tónlist en sögur. Mig langaði alltaf að vera poppstjarna eða rokkstjarna, – fyrir utan það að ganga í franska útlendingaherinn. Ég ætlaði að verða fimmti bitillinn. Það er músík í mér, ég er af músíkætt og allt það en ég er alveg laglaus og hef enga hæfileika í tónlist nema til að hlusta. Og þegar ég er að skrifa, þá hlusta ég, á heiminn, á lögmálin, á það hvernig þetta virkar saman. Þetta er allt spurning um músík. Og mér fannst einhvern veginn að þessi tegund af tónlist ætti best við. Ég man að þessi bók átti að heita „Sálumessa“ eða eitthvað svoléiðis. Af því mér fannst það vera þannig.

Það er eiginlega kosturinn við að vera skáld, - og þess vegna féll ég í bókmenntafræði, maður þarf ekki að skilgreina eða útskýra hlutina, það er nóg að blaðra eitthvað um tónlist og vera óræður og þá hugsa allir: Djöfull er hann djúpur maður!

**Gauti:**

Þú ert alveg ófeiminn við að takast á við djúpar tilfinningar. Þú ert kannski að sumu leyti ástarsöguhöfundur því þú skrifar mjög oft um ástina.

**Jón Kalman:**

Já, mér finnst það bara svolítið gott, Jón Kalman ástarsöguhöfundur!

**Gauti:**

Það má kannski segja líka að þú skrifir um tilfinningar án tilfinningasemi. Þú talar um miklar tilfinningar en samt úr ákveðinni fjarlægð. Er þetta eitthvað sem þú hefur hugsað um?

**Jón Kalman:**

Ja, þetta er náttúrulega það sama, þetta er alltaf spurningin um músíkina. Það er náttúrulega fáránlegt að skrifa bók og skrifa ekki um ástina. Þú getur alveg eins gleymt því og farið að gera eitthvað annað.

Níutíu prósent af rokkinu snýst um ást. Og það er náttúrulega einhver ástæða fyrir því: Við erum öll með þetta á heilanum. Reyndar hefur mér alltaf fundist það mjög athyglisvert, - ég veit ekki hvort það er á öðrum tungumálum eða hvort það er bara á íslensku að „ást“ rímar við „brást“. Ég veit ekki hvort það segir eitthvað um okkur eða hvort það segir eitthvað um ástina. En hún er alveg ofboðslega heillandi fyrirbæri. Þetta er eitt af því sem alla dreymir um; að fá ást frá maka eða foreldri eða einhverjum öðrum. Auk þess er verið að dæla yfir okkur endalausri ást allt frá fæðingu, bæði í músík og í kvikmyndum þar sem allir eru hamingjusamir. Svo verðum við fullorðin og við erum alltaf að bíða eftir þessari endalausni ást og endalausni hamingju. En það gengur kannski ekki alveg: Einhver þarf að setja í þvottavélina og svona og þá verður allt ónýtt.

En þetta er svo heillandi fyrirbæri og sem rithöfundur þá bara verður þú að skrifa um þetta, það er bara fáránlegt að gera það ekki. En þú verður að gera það á þann hátt að það fari ekki yfir í það sem þú kallaðir tilfinningasemi. Þá ert þú bara búinn að eyðileggja það. Þetta er bara eins og kynlíf. Ef þú ert að skrifa um kynlíf og ferð einhvern veginn of langt, þá er það ónýtt. Kynlíf og ást eru kannski það sem er erfiðast að skrifa um því það er svo auðvelt að fara of langt. Og það er reyndar líka auðvelt að fara of langt í kynlífi almennt!

**Eiríkur:**

Talandi um ást og kynlíf, það eru fyrirbæri sem koma mjög við sögu í næstu bók á eftir *Snarkinu*, það er að segja í *Sumarljósi og svo kemur nóttin*.

**Jón Kalman:**

Já, Snæbjörn gaf hana út og þegar ég var að skila inn handritinu þá sagði hann að það vantaði meira kynlíf í hana!

**Eiríkur:**

Já, maður sér það! En þú færð Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir *Sumarljósið* og það verða ákveðin þáttaskil með henni. Þú hættir að vera með fyrstu persónu frásögn og ert kominn með fleirtölu: Það erum „við“ sem segjum söguna, fólk sem er á milli lífs og dauða. Þar sem það er enginn kirkjugarður á staðnum þá sér maður fyrir sér að þetta fólk sé dáið og eigi hvergi heima.

**Jón Kalman:**

Já, ég hef ekki heyrt þetta áður. Þetta er gott hjá þér. Ég sagði að hann hefði alltaf verið hæstur í bókmenntafræðinni!

**Eiríkur:**

Sérð þú einhvern vendipunkt með *Sumarljósinu* hjá þér í þínum stíl og nálgun?

**Jón Kalman:**

*Sumarljósið* átti reyndar bara að vera smásaga. Þegar ég var búinn með þessar tvær bækur, *Risafururnar* og *Snarkið*, langaði mig að skrifa sögulega skáldsögu um konu á Akureyri um 1860. En á meðan ég var að safna kjarki til þess þá langaði mig að skrifa smásögu um það þegar ég vann í sláturhúsi vestur í Dölum. Svo var bara allt í einu komin skáldsaga.

En ég las þarna bók rétt á undan eftir höfund sem hét José Saramago, var frá Portúgal og fékk Nóbelsverðlaun og er kannski svona við hliðina á Hamsun sem stílsení. Hann gjörsamlega sparkaði mér út á hafsauga. Hann er einn af þessum höfundum sem opnar alveg formið upp á gátt. Hann er einn af þeim sem bætir við. Hann er ofboðslega mikilvægur sem slíkur og maður sá bara allt í einu nýja möguleika. Ég held að *Sumarljósið* sé svolítið undir áhrifum frá honum. Ég vona þó að sú saga sé eftir mig en ekki eftir Saramago! Það er kannski það sem skýrir af hverju hún fékk verðlaun, ef hún er eftir Saramago!

En þetta er alltaf spurningin um það hvernig þú segir sögu. Það er bara grundvallarspurningin í bókmenntum. Málið snýst um það *hvernig* þú ætlar að segja söguna. Ég meina, þú getur verið með bestu sögu í heimi og ef þú ert með ranga frásagnaraðferð, þá er þetta ömurleg



bók. Þú getur sagt frá mjög ómerkilegu fyrirbæri og ef þú ert með rétta aðferð getur þetta verið frábær bók. Þannig að frásagnaraðferðin er grundvöllurinn, það dansar allt eftir því.

Ég var búinn að vera þarna með fyrstu persónu frásögn þannig að ég vildi prófa eitthvað annað. Mig langaði að prófa eitthvað sem lyfti mér upp, yfir formið, yfir lífið þannig að ég sæi meira. Og þá einhvern veginn komu þessar raddir. Ég var sannfærður á meðan ég var að skrifa þessa bók, og svo aftur *Himnaríki og helvíti*, að með þessum röddum myndi ég komast yfir landamærin á milli lífs og dauða. Að þetta myndi opnast, að ég myndi sjá.

**Gauti:**

Það má þá kannski segja að þú hafir farið til himnaríkis með *Himnaríki og helvíti*, eða hvað?

**Kalman:**

Já, ég veit það ekki, fór ég ekki frekar til helvítis?

En þetta snýst líka alltaf um það að víkka formið, að opna það, og frásagnaraðferðin er ein leið til þess að búa til stærri heim úr skáldsögunni. Skáldsagan á, fyrir utan það að breyta heiminum, að stækka heiminn, að bæta við víddum. Eins og Carl Sagan stjörnufræðingur, sem breytti lífi mínu, gerði. Hann bætti við víddum í okkar hversdagsleika með því að segja frá alheiminum á þann hátt að okkur fannst við geta verið stjörnufræðingar með tvo í stærðfræði!

**Eiríkur:**

Þú minnst á *Himnaríki og helvíti* og það er kominn tími til að heyra lestur úr þeirri bók. Við skulum fara niður í flæðarmál, vestur á fjörðum.

**Vigdís Hrefna:**

*Andrea stendur fyrir neðan búðirnar tvær.*

*Bíður eftir að heyra merkið; að sjá mennina sína æða af stað eins og á flóttu undan heimsendi. Á eftir fer hún inn, þrifur og reynir að lesa aðeins í annarri bókinni sem Bárður fékk hjá blinda*

skipstjóranum sem býr hjá Geirprúði, Niels Juul, Danmarks største Søhelt. Af hverju er hann nefndur hetja? Hvað hefur hann fiskað? Hefur hann barist fyrir lífi sínu í opinni bátskel, á stærð við líkkistu, kannski í norðanofsa þegar landið er horfið, himinninn líka og öskrin í vindinum við það að sprengja höfuðið af þér?

Nú blæs hann, muldrar Árni, svo lágt að orðin týnast í skegginu sem hylur neðri hluta andlitsins, hann heldur báðum höndum um bátinn, hver vöðvi spenntur. Einar kreistir árina, Gvendur horfir framfyrir sig glaður á svip, það er gaman að vera til. Strákurinn horfir á Einar yfir borðstokkinn, ef einhver maður getur verið þaninn strengur þá er það Einar á þessum andartökum, Gvendur eins og tröll við hlið strengsins, milt, ánægt, undirgefið tröll. Þeir eru báðir vinnumenn hjá Pétri og hafa verið það í góð tíu ár, en Pétur fær stundum á tilfinninguna að trölllið hlýði fyrst Einari, síðan sér. Hana, nú hlýtur helvítið að fara að blása, muldrar Árni ögn hærra í þetta sinn. Og Benedikt stendur gleiðfættur í miðjum bát sínum um tveimur kílómetrum frá búðum bræðranna, ber trompettinn upp að vörunum, fyllir lungun af dimmu næturlofti, og blæs.

Tónninn ómar yfir næstum þrjúhundruð skinnklæddum og óþreyjufullum sjómönnum fyrir neðan aðalbúðirnar, og berst langt í kyrru næturloftinu. Andrea réttir úr sér, snýr höfðinu til að heyra betur. Pétur, Árni og Einar orðnir ópolinmóðir, bölvandi Benedikt í hljóði en Bárður og strákurinn hlusta, reyna að tileinka sér laglínuna, kjarnann úr henni, eitthvað til að spinna útfrá í löngum róðrinum og síðan lífinu sem verður vonandi enn lengra. Risinn Gvendur laumast jafnvel til að loka augunum snöggvast, tónlist minnir hann iðulega á eitthvað sem er gott og fallett og hann finnur helst fyrir þegar hann er einn með sjálfum sér. Hann er þó hálfsmeykur við að Einar sjái til hans, honum er örugglega ekkert vel við að menn séu að loka augunum í vöku og Gvendur fer ógjarnan gegn því sem Einari mislíkar, lífið er annars nógu erfitt.

Hana! æpir Árni þegar tónninn deyr út, og þeir ýta af öllum kröftum, eins og einn maður. Baturinn skríður af stað niður vörina, strákurinn sleppir takinu, grípur hlunnana sem koma undan kilinum, stekkur með þá framfyrir og leggur fyrir stefnið. Hann er

fljótur, það má hann eiga, getur hlaupið hratt og svo lengi í einu að það er spursmál hvort landið er nógu stórt ef hann vildi hlaupa sig í spreng. Stefnið rennur út í sjóinn. Árni og Pétur síðastir upp í, stökkva um borð upp úr sjónum og síðan er róið. Bárður og strákurinn þóftubræður fyrir miðju, orkan flæðir um æðarnar, þeir bíta saman jöxlum, sex árar, sjórinn hægur, engin fyrirstaða, hvorki vindur né öldur, báturinn skriður hratt, en þegar þeir hafa róið í uppundir mínútu og eru búnir að slíta sig alveg frá landinu, komnir á sjóinn, draga þeir árar inn, Pétur tekur sjóhattinn ofan, þrjónahúfa undir, tekur hana líka og fer með sjóferðabænina, hinir fimm lúta höfði með sjóhattana í höndunum. Báturinn hefst og hnígur, alveg eins og bátafjöldinn neðan við aðalbúðirnar, tæpri mínútu eftir sprenginguna miklu sem tónn Benedikts leysti úr læðingi, þegar næstum þrjúhundruð manns æddu hrópandi og æpandi með uppundir sextíu báta út í sjóinn, en núna hefjast bátarnir og hníga í þögn meðan formennirnir biðja. Raddirnar stíga til himins með boðskap sinn, með erindið og það er einfalt: hjálpaðu okkur!

Sjórinn er kaldur og stundum dimmur. Hann er risaskepna sem aldrei hvílist og hér kann enginn að synda, nema Jónas sem vinnur á sumrin við hvalstöðvar Norðmanna, þeir norsku kenndu honum sundtökin, hann er ýmist kallaður Þorskurinn eða Steinbíturinn, hið síðarnefnda á betur við ef útlitið er haft í huga. Flest okkar hafa alist upp hér við hafið og tæpast lifað dag án þess að heyra í því, og karlmenn stundað sjómennsku frá þrettán ára aldri, þannig hefur það verið í þúsund ár en samt kann enginn að synda nema Jónas af því að hann viðrar sig upp við Norðmennina. En við kunnum nú ýmislegt annað, við kunnum að biðja, kunnum að signa, við signum okkur um leið og við vöknum, þegar við klæðum okkur í sjóferðafötin, signum veiðarfærin, beituna, við signum hvert handtak, þóftuna sem við sitjum á því við treystum á þig, Herra, verndaðu okkur með gæsku þinni, hasta þú á vindana, lægðu öldurnar sem geta orðið svo ógnarlegar. Við setjum allt okkar traust á þig, Drottinn, sem ert upphaf alls og endir, því þeir sem lenda í sjónum sökka eins og steinar og drukkna, jafnvel í blankalogni og svo skammt undan landi að fólkið sem stendur föstum fótum á blessaðri jörðinni, sér svipbrigði þeirra, þau síðustu áður en hafið hirðir lífið, eða

líkamann, þennan þunga farm. Við treystum á þig, Herra, sem skapaðir okkur í þinni mynd, skapaðir fuglana með vængi svo þeir gætu flogið um loftið og minnt okkur á frelsið, skapaðir fiskana með ugga og sporð svo þeir gætu synt í djúpunum sem við hræðumst. Við gætum sjálfsgagt öll lært sundtökin eins og Jónas, en Drottinn, værum við þá ekki að lýsa vantrausti á þig, svolítið eins og við þættumst þess megnug að geta leiðrétt eitthvað í sköpuninni? Sjórinn er auk þess mjög kaldur, það syndir enginn maður lengi í honum, nei, við treystum engum nema þér, Drottinn, og syni þínum Jesú, sem var ekki syndur fremur en við og þurfti þess heldur ekki, hann gekk bara á vatninu. Hugsaðu þér ef við hefðum hina hreinu trú og gætum því gengið á sjónum, bara rölt út á miðin, rennt fyrir og heim aftur, kannski tveir saman með handbörur á milli sín. Amen, segir Pétur og þeir steypa allir sjóhattinum yfir sig, geyma þrjónahúfuna, nóttin er mild, hún er svo ágæt ein, sjóhattur dugar, börð hans ná niður fyrir herðar og nú er róið í Drottins nafni, það er tekið á, fjandinn hafi það! Nei, ekki fjandinn, misstum þetta svarta nafn óvart út úr okkur, meintum ekkert með því, við signum tunguna til öryggis. Árarnar svigna næstum undan átökunum, tólf þaulæfðir handleggir, þandir vöðvar, talsvert afl sett saman en þarna opnast fjörðurinn út í Íshafið og við erum ekki neitt andspænis því, höfum ekkert nema trúna á miskunn Drottins, og kannski agnarögn af hugviti, hugrekki, lífslöngun. Baturinn skríður. Augun í Einari ljóma, reiðin hefur breyst í hreint afl sem fyllir allan líkamann, hverja frumu og leitar út í árina, Gvendur þarf að taka vel á til að hafa við honum. Lengi vel hugsar enginn neitt og þeir horfa ekki neitt, það er bara róið, allur krafturinn, öll tilveran fer í það að róa, fjarlægjast landið, komast lengra út á hafið.

## Ég vildi fá frelsi

### Eiríkur:

Takk fyrir það, Vigdís. Þetta var róðurinn mikli eða upphaf hans í *Himnaríki og helvíti*, fyrstu bókinni í þrileiknum um drenginn. Þessar

bækur hafa farið ansi víða. Ég held að það sé búið að selja þær til tuttugu landa eða eitthvað slíkt. Í upphafi, hvers vegna ákvaðst þú að fara á þessar slóðir og á þessum tíma í sögunni? Hvað var það sem dró þig þangað?

**Jón Kalman:**

Ja, eins og ég sagði áðan, þá hafði ég hug á að skrifa um konu á Akureyri árið 1860 en ég færði mig vestur á firði. Ég var í sveit frá sex til níu ára aldurs norður á Ströndum. Þannig að maður fékk aðeins svona lyktina af Vestfjörðum. Svo þegar ég fór að fara þangað, þegar ég var kominn yfir þrítugt held ég, þá var eins og þeir hefðu verið að bíða eftir mér allan tímann. Það var eins og ég ætti heima þarna, að það væri eitthvað í mér í þessum fjöllum. Þannig að ég fór með sviðið þangað og færði það líka nær aldamótunum, einfaldlega vegna þess að mér finnst þetta merkilega spennandi tími. Það var svo margt að gerast í íslensku samfélagi á þessum tíma, það var að breytast mjög hratt. Það voru að koma margar nýjar hugmyndir, nýir straumar þannig að það var komið svona los á þetta fasta gamla samfélag sem hafði verið hérna í mörg hundruð ár. Auk þess þekkti ég sæmilega til þessa tímabils því ég ætlaði alltaf að skrifa bók um Jóhann Sigurjónsson. Ég hafði lesið mér til þegar ég var í Danmörku, þá lá ég í bókum um þetta tímabil þannig að það er eiginlega skýringin.

**Gauti:**

Já, þú slappst nú ekki alveg frá Akureyri. Ég tók eftir því þegar ég var að lesa bókina að þú þrjóskaðist við að nefna hvað staðurinn hét en það er einhver Pollur þar. Ég fór að rannsaka þetta og það er Pollurinn á Akureyri og svo er Pollur líka annars staðar, á Vestfjörðum. Þannig að þótt það væri klárt að þetta væri vestur á fjörðum, þá voru samt smá leifar af Akureyri þarna í þessum Polli.

**Jón Kalman:**

Já, það getur verið. Þú mátt hafa þá kenningu ef þú vilt, ég ætla ekki að mótmæla því.

**Gauti:**

Já, það er mín kenning. Hreki hana hver sem vill!

**Jón Kalman:**

Maður er stundum spurður út í bækurnar, það kemur einhver lesandi og spyr: Mér finnst þetta vera svona og svona, er þetta rétt hjá mér? Og það er bara til eitt svar: Ef þér finnst þetta rétt, ef þetta er rétt gagnvart sjálfum þér eða sjálfri þér og ef þú getur rökstutt það, þá er þetta rétt! Það skiptir ekki máli hvort ég hef hugsað það þannig eða ekki. Eftir að ég er búinn að skrifa bókina þá hef ég ekki rétt fyrir mér um efni bókarinnar fremur en aðrir.

**Gauti:**

En hvers vegna þetta staðarleysi og nafnleysi á stráknum?

**Jón Kalman:**

Ja, þetta er náttúrliga líka í *Sumarljósi*, þar nefni ég hvergi þorpið. Mér fannst það heillandi þá og líka þegar ég skrifaði Vestfjarðabækurnar.

Íslendingar eru auðvitað áhugasamir um bókmenntir og lestur en þeir eiga mjög erfitt með að þola það ef einhver fer rangt með. Við höfum verið að lesa bækur og skáldskap svo lengi en það er alveg lygilegt hvað ímyndunaraflíð deyr um leið og höfundur nefnir eitthvað fjall sem er virkilega til staðar. Þá fer lesandinn að lesa bókina með landakortið til hliðar eða gúgla myndir, til að sjá hvort þetta er ekki örugglega rétt lýsing. Svo kemur einhver heimamaður og segir: Nei, þegar það blæs að norðan maður, þá gerist þetta ekki! Þannig að þá er bara bókinn ónýt eða öllu heldur ánægjan við lesturinn.

**Gauti:**

Þannig að þú varst að reyna að losa þig við nöldur með þessu?

**Jón Kalman:**

Ég vildi fá frelsi. Ef ég vildi að fjallið væri svona hátt, þá hafði ég það svona hátt. Og ef eitthvað fjall var fyrir mér, þá færði ég fjallið. Og um leið vildi ég veita lesendum meira frelsi við að lesa.

**Eiríkur:**

Hver er í þínum huga kjarninn í þessum bókum, þessum þremur? Það er mjög sterkt þetta maðurinn og náttúran eða maðurinn og máttarvöldin. Þú ert að lýsa tíðarandanum en þú ert líka að lýsa umkomuleysi og

munaðarleysi. Það gengur nú reyndar í gegnum allar þínar bækur. Þú ert líka að skrifa um að svíkja ekki lífið og talar um að það sé verst að vera dáinn og uppgötva að maður hafi svikið lífið. Þú ert alltaf með þessi svik og drengurinn virðist rekinn áfram af þeirri hugsjón að hann megi ekki heldur svíkja hina dauðu.

Það er kannski erfitt fyrir þig að svara því en hver er kjarninn í þessum verkum í þínum huga, núna nokkrum árum síðar?

**Jón Kalman:**

Já, það er rétt hjá þér, það er svolítið erfitt að svara því.

Ég les aldrei mínar bækur, það kemur ekki til greina. Ég hef engan áhuga á því. Þegar þýðendur eða aðrir eru að spyrja mig, þá þarf ég að fletta í gegnum bækurnar en ég hef engan áhuga á þeim, svona þannig séð. Ég hef bara áhuga á því sem ég er að skrifa núna og mér finnst miklu skemmtilegra að skrifa um aðra höfunda en sjálfan mig. Þannig að ég velti aldrei fyrir mér, hver er kjarni þess sem ég er að skrifa.

**Eiríkur:**

En þú veist hvað rak þig áfram á sínum tíma, þegar þú varst að skrifa þessar bækur?

**Jón Kalman:**

Já, en þá komum við aftur að músíkinni. Ég vel alltaf nöfn á bækurnar mínar langsíðast og ég vel nöfnin bara út frá tilfinningum, bara eftir því hvernig músíkin er í bókunum, að mínu mati. En ég held að þú hafir svolítið súmmað þetta upp sjálfur þannig að þú eiginlega svaraðir spurningunni með því að spyrja. Svona ertu klár, Eiríkur!

En í upphafi átti þetta bara að vera ein bók, svo var aðeins meira efni þannig að þetta áttu að verða tvær bækur, svo snjóaði svo mikið í miðbókinni að ég varð að skrifa þriðju bókina. Mig langaði bara að lýsa þessum tíma og því að vera manneskja, hvað það er. Fyrir mér eru þetta ekki sögulegar skáldsögur, þetta eru bara skáldsögur og þetta fjallar ekkert um einn tíma frekar en annan.

En ég held að ég sé alltaf að velta þessu fyrir mér: Hvenær erum við á

lífi? Hvað gerir okkur að manneskjum? Hvað þurfum við að gera til að vera falleg? Hver er okkar skylda? Maður er stanslaust að skrifa um þetta og svo segir maður kannski einhverja brandara inn á milli til að fólk haldi áfram að lesa.

## ***Skáldskapurinn verður að ráða***

### ***Eiríkur:***

Þessar bækur hafa ratað mjög víða og mig langar að spyrja þig um viðtökur og gagnrýni. Sérðu mun á því hvernig er fjallað um þig hérna heima og svo í erlendum fjölmiðlum? Finnst þér mikill munur á því?

### ***Jón Kalman:***

Já, það er gríðarlega mikill munur á umræðunni. Hér, sumpart út af fámenninu, er persónan alltaf að þvælast fyrir, höfundurinn, og auðvitað allur sá farangur sem býr í okkur Íslendingum. Þú lest íslenska bók öðruvísi en erlenda bók, það bara „goes without saying“. Erlendis, sérstaklega í Frakklandi og á Ítalíu, - þið fyrirgefið, en þeir skrifa bara dýpra. Þeir hafa náttúrulega bara meiri tíma. Viðsjá, þáttaröðin sem þið eruð að reka, hvað eruð þið mörg?

### ***Þorgerður:***

Þrjú.

### ***Jón Kalman:***

Já, sambærilegur þáttur erlendis er með tíu starfsmenn. Þegar fólk er að skrifa um bækur erlendis, þá fær það tíma. Þannig að það leggur meira undir, það tekur heimspekina inn í og allan heiminn og ber bókina upp að heiminum, ekki upp að höfundinum eða samfélaginu. Eða forsætisráðherranum. Hvað heitir hann aftur? Eigum við kannski að tala um forsætisráðherrann?

### ***Eiríkur:***

Nei.



### **Jón Kalman:**

Gagnrýni hefur aldrei þvælst fyrir mér. Gagnrýni er mjög áhugavert form. Ég hef sjálfur verið ritdómari, ekki góður reyndar en mér finnst formið áhugavert. En ég gleymi yfirleitt öllum dómum. Auðvitað man maður frekar neikvæðu dómana en þeir trufla mig ekkert. Ég þykist sjá út frá hvaða forsendum hugmyndafræði viðkomandi dómara er. Ef dómurinn er neikvæður, þá hugsa ég: Ég vona að manneskjan hafi rangt fyrir sér. En svo veit maður líka að maður verður bara að bíða í svona 50 eða 60 ár til að komast að því hver hefur rétt fyrir sér.

### **Eiríkur:**

En talandi um gagnrýni, þú ert sjálfur gagnrýnandi í þeim skilningi að þú átt það til að drepa niður penna þegar það sýður á þér út af einhverjum málefnum í samtímanum. Og í nýjustu bókinni þinni, *Fiskarnir hafa engar fætur*, er samtíminn ávarpaður á mjög beittan hátt, sérstaklega í sambandi við kvótakerfið. Finnst þér mikilvægt að eiga í samtali við samtímamann með þeim hætti?

### **Jón Kalman:**

Já, ég man að þegar ég var yngri þá hreifst ég gríðarlega að Bulgakov, *Meistararum og Margarítu*. Þegar ég las hana aftur þá var hún reyndar ekki alveg eins góð og mig minnti en það var nú bara mér að kenna, ekki honum. Mér fannst svo heillandi hvernig hann náði að vera með glæsilegan skáldskap og mjög beitta gagnrýni. Mér finnst dásamlegt þegar þetta tekst því það er erfitt að gera þetta.

En þegar eitthvað brennur svona á manni, svona svart óréttlæti eins og kvótakerfið eða jafnréttið, sem er náttúrlega stærsta mál veraldar sem allir ættu að vera að fjalla um, þá er erfitt að tala *ekki* um það. Ég sagði áðan að það væri erfiðast að skrifa um ástina og kynlífið en við getum sett pólitíkina í sama flokk. Hún er kannski ekki alveg jafn spennandi og ástin og kynlífið en það er sama, þú verður að reyna að takast á við hana sem höfundur og það er rosalega hættulegt. Það er mjög hættulegt. En það er líka mjög hættulegt að gera það *ekki*. Af því að skáldskapurinn verður að ráða.

Þetta er auðvitað ofsalega falleg hugsun: Ég ætla að gefa skít í skáldskapinn. Nú ætla ég bara að koma fram með hnefa, bara lemja

alla og sýna þeim hvernig þetta raunverulega er! En ef þú ert að skrifa skáldsögu og skáldskapurinn fær ekki að ráða för, þá verður boðunin síðri. Þá virkar hún ekki. Þá verður þetta bara svona eins og óp eða öskur.

**Gauti:**

Eins og blaðagrein sem þykist vera skáldsaga?

**Jón Kalman:**

Já, sumir spyrja: Af hverju skrifar þú ekki blaðagrein? En skáldskapurinn er svo gott vopn. Það er hægt að gera svo margt með skáldskap. Ef við getum, - fyrir utan það að bjarga heiminum, ef við getum blakað við einhverju óréttlæti eins og kvótakerfinu, þá er það frábært.

**Eiríkur:**

Nákvæmlega!

En ég held að þetta sé bara að verða búið. Ertu orðinn þreyttur?

**Jón Kalman:**

Ekki nálægt þér, ég er aldrei þreyttur nálægt þér!

**Gauti:**

Eigum við ekki að spyrja hann út í framtíðarplönin?

**Eiríkur:**

Ertu ekki að skrifa nýja bók sem er framhald af síðustu bók?

**Jón Kalman:**

Jú, einhvers konar framhald.

**Eiríkur:**

Sem kemur út á næsta ári, ef Guð lofar?

**Jón Kalman:**

Ja, ég held reyndar að Guð skipti sér ekkert af því, hvort sem það er hann eða hún. En ef allt fer eins og það á að fara, þá kemur hún út á næsta ári.

**Eiríkur:**

Allra síðasta spurning: Ef þú horfir yfir bókabunkann hérna, ertu þá sáttur, „so far“?

**Jón Kalman:**

Eiginlega hugsa ég ekki þannig. Ég er náttúrulega glaður ef þessar bækur hreyfa við einhverjum en ég er bara alltaf að hugsa um það sem ég er að gera núna. Það tekur bara allan minn huga.

**Eiríkur:**

Gott. Takk fyrir að sitja með okkur hérna í dag, Jón Kalman Stefánsson.

Við segjum þessu lokið og ég vona að þið hafið haft eitthvað gagn og gaman af þessu spjalli okkar. Ég vil minna á að á eftir verða veitingar inni á bókasafni.


Ég vil þakka ykkur, Þorgerður og Gauti, kærlega fyrir samstarfið, Vigdís Hrefnu fyrir lesturinn og Möggu Stínu og félögum fyrir sönginn. En sumsé, þetta er búið hjá okkur í dag. Ég legg til að við klöppum vel og lengi fyrir Jóni Kalman Stefánssyni og vonumst til að hann eigi eftir að..., ja allavega tvöfalda þennan bunka sem hérna er á borðinu.

Takk!



Ritstjórn | Inga Sigrún Þórarinsdóttir  
Umbrot og hönnun | Kristín Þóra Guðbjartsdóttir  
Hljóðritun | RÚV  
Prentun | Prentmet  
Útgefandi | Borgarbókasafn Reykjavíkur

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu  
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



BORGARBÓKASAFNIÐ | MENNINGARHÚS GERÐUBERGI